

AUGLÝSING

um starfsreglur um Fjölskylduþjónustu kirkjunnar.

„STARFSREGLUR um Fjölskylduþjónustu kirkjunnar.

1. gr.

Á vegum þjóðkirkjunnar skal starfrækja Fjölskylduþjónustu kirkjunnar sem er stofnun er veitir sérhæfða þjónustu í fjölskyldumálum á grundvelli kristinna lífsgilda. Fjölskylduþjónustan er á sviði sálgæslu- og kærleiksþjónustu kirkjunnar og lýtur faglegri forystu biskups Íslands, en heyrir að öðru leyti undir kirkjuráð.

2. gr.

Með sérhæfðri þjónustu kirkjunnar í fjölskyldumálum er átt við að:

- a) styðja fjölskyldur sem þess óska með viðtölum, ráðgjöf og fræðslu,
- b) styðja og efla presta og djákna í samskiptum við fjölskyldur, svo sem í viðtölum, í sátta-umleitunum, fræðslustarfi og ráðgjöf.

3. gr.

Fjölskylduþjónusta kirkjunnar annast handleiðslu presta, djákna og annarra starfsmanna kirkjunnar eftir því sem við á. Biskup og kirkjuráð setja reglur um fyrirkomulag handleiðslunnar og kostnað.

4. gr.

Kirkjuráð ræður forstöðumann Fjölskylduþjónustu kirkjunnar og skal hann vera prestur með sérmenntun á starfssviði stofnunarinnar. Hann ræður starfsfólk í samráði við biskup Íslands. Kirkjuráð setur forstöðumanni erindisbréf.

5. gr.

Forstöðumaður og starfsfólk er bundið þagnarskyldu um það sem leynt á að fara þ.e. málefni skjólstæðinga, og annað sem lýtur að rækslu starfa þeirra og málefni stofnunarinnar. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

6. gr.

Fjölskylduþjónustunni er heimilt að afla sértekna samkvæmt gjaldskrá er staðfest skal af kirkjuráði.

7. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, öðlast gildi 1. janúar árið 2010. Frá sama tíma falla á brott starfsreglur um sérhæfða þjónustu kirkjunnar við fjölskylduna nr. 824/2000.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 4. gr. ræður kirkjuráð forstöðumann úr röðum starfsmanna stofnunarinnar tímabundið.

Gjört í Reykjavík, 20. nóvember 2009.

Pétur Kr. Hafstein,
forseti kirkjuþings

Dagný Halla Tómasdóttir
þingskrifari“

Nr. 951

20. nóvember 2009

Starfsreglur þessar eru hér með kunngerðar almenningi.

Reykjavík, 20. nóvember 2009.

F.h. kirkjuráðs,

Karl Sigurbjörnsson, forseti kirkjuráðs.

B-deild – Útgáfud.: 30. nóvember 2009